

## VIÐAUKI VIÐ ÚTGÁFULÝSINGU

SKULDABRÉFA FÍ FASTEIGNAFÉLAGS SLHF. SEM GEFIN ERU ÚT Í  
KERFUM VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS SAMANBER  
ÚTGÁFULÝSINGU DAGS. 23. JÚLÍ 2013, VIÐAUKA DAGS.  
12. SEPTEMBER 2013 OG VIÐAUKA DAGS. 7. FEBRÚAR

### 1. Útgefandi skuldabréfanna

Viðauki þessi varðar verðtryggð skuldabréf sem gefin eru út undir flokki sem auðkenndur er sem FIF 13 01 með ISIN kóðann IS0000022770 (hér eftir „skuldabréf“). Útgefandi skuldabréfanna er FÍ Fasteignafélag slhf., kt. 571212-0210, með skráð aðsetur og höfuðstöðvar að Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík (hér eftir „útgefandi“).

### 2. Breytingar á 2. kafla útgáfunnar „Upplýsingar um útgáfuna“

Útgefandi hefur ákveðið að gera eftirfarandi breytingar á kafla 2 sem nefnist „Upplýsingar um útgáfuna“:

2.1. Skilgreiningunni „Trygging“ er breytt þannig að tryggingarbréf eru í fleirtölu og eftirleiðis skal skilgreiningin vera svohljóðandi:

**„Trygging“**

Allar undirliggjandi fasteignir félagsins sem fjármagnaðar hafa verið á grundvelli skuldabréfaútgáfu þessarar skulu veðsettar skuldabréfaeigendum með þinglýstum tryggingarbréfum.

Tryggingarbréfunum skal þinglýst í fasteignabók fasteigna útgefanda í samræmi við ákvæði þinglýsingarlaga, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

2.2. Skilgreiningunni „Veðgæsluaðili“ skal breytt þannig að fyrsta staflið er breytt í heild sinni. Aðrar málsgreinar skilgreiningarinnar haldast óbreyttar. Skal fyrsti stafliður eftirleiðis vera svohljóðandi:

**„Veðgæsluaðili“**

[...]

i) Varsla tryggingarbréfanna og umsjón með hvers konar uppfærslu og breytingu á tryggingarbréfunum, þ.m.t. að sjá til þess að útgefandi gefi út tryggingarbréf í hvert sinn sem félagið kaupir nýja fasteign og að tryggingarbréfum sé þinglýst í fasteignabók hverrar fasteignar félagsins. Þá skal veðgæsluaðili sjá til þess að tryggingarbréfi sé aflýst af hverri seldri fasteign.

[...].

**3. Samþykki breytinga á skilgreiningum í kafla 2.2 útgáfulýsingar**

Viðauki þessi var samþykktur af útgefanda skuldabréfaflokksins. Umsjónaraðili skilmálabreytinga í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. staðfestir framangreint samþykki.

**4. Ábyrgðaraðilar viðauka við útgáfulýsingu**

Nöfn og kennitölur þeirra sem bera ábyrgð á viðauka vegna skilmálabreytingar:


Útgefandi: FÍ Fasteignafélag slhf., kt. 571212-0210

Umsjónaraðili skilmálabreytingar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf er MP banki hf. – Fyrirtækjaráðgjöf, kt. 540502-2930

**5. Staðfesting viðauka við útgáfulýsingu**

Reykjavík 19. júní 2014

  
F.h. FÍ Fasteignafélags slhf.

  
F.h. MP banka hf.